

Áætlun Grunnskólans á Þórshöfn gegn einelti

Einelti og annað ofbeldi er ekki liðið í Grunnskólanum á Þórshöfn. Ef einelti kemur upp skal taka á því strax.

Hver einasti nemandi hefur sinn lýðræðislega rétt til að búa við öryggi í skólanum og að komast hjá ofbeldi og niðurlægjandi framkomu. Enginn nemandi á að þurfa að lifa í ótta í skólanum vegna eineltis og engir foreldrar eiga að þurfa að hafa áhyggjur af því að barnið þeirra sé lagt í einelti!

Sem forvörn vinnur skólinn með agastefnuna Jákvæður agi og þar eru bekkjafundir mikilvægt verkfæri. Önnur verkfæri eru t.d. bekkjasáttmálar og æfingar í samskiptafærni og samvinnu.

Skólinn vinnur einnig með aðferðir Olweusar, eineltishringurinn er sýnilegur á öllum stigum og er notaður markvisst í umræðum um einelti við nemendur, hvort sem er í forvarnarstarfi eða í úrvinnslu eineltismála. Einnig er stuðst við aðgerðaráætlun Olweusar þegar upp kemur grunur um einelti.

Hvað er einelti?

Við tölum um einelti þegar einstaklingur verður aftur og aftur fyrir neikvæðu og óþægilegu áreiti eins eða fleiri og viðkomandi á erfitt með að verja sig. Um getur verið að ræða beint einelti með höggum, spörkum, blótsyrðum, niðurlægjandi og háðslegum athugasemdum eða hótunum. Það er líka einelti ef stríðni er endurtekin og sá sem verður strítt hefur sýnt að sér mislíki. Óbeint einelti getur líka verið jafn slæmt. Með óbeinu einelti er átt við að maður verði útilokaður frá félagahópnum, verði fyrir illu umtali eða að aðrir komi í veg fyrir að maður eignist vini.

Venjulega er ekki litið á góðlátlega stríðni jafningja og félaga sem einelti. Það er heldur ekki einelti þegar tveir álíka sterkir takast á eða eru að kýta.

Einkenni eineltis

- neikvætt og illgirnilegt atferli
- atferli sem endurtekur sig og stendur í nokkurn tíma
- samskipti sem einkennast af ákveðnu ójafnvægi aflsmuna eða annars valds

Dan Olweus, *Einelti meðal barna og unglinga.*



Hvernig vinnum við að því að koma í veg fyrir einelti?

Nemendur eru hvattir til að taka afstöðu gegn einelti og til að láta vita ef þeir eða aðrir verða fyrir einelti. Á hverju hausti er farið yfir hugmyndafræði jákvæðs aga ásamt skólareglum og fjallað um eineltishringinn. Mynd af eineltishring Olweus er sýnilegur öllum nemendum í skólanum.

Hver námshópur gerir bekkjasáttmála í upphafi vetrar.

Bekkjafundir haldnir minnst einu sinni í viku, oftast ef þurfa þykir.

Fyrirbyggjandi aðgerðir á hverju stigi fyrir sig:

Yngsta stig

- Bekkjafundir.
- Umræður við nemendur um fordóma gagnvart öðrum.
- Nemendur þjálfaðir í að setja sig í spor annarra – hlutverkaleikir.
- Nemendur búa til sameiginlegar samskiptareglur – sáttmála og slagorð.
- Dæmisagan um "Pappírs-Kalla" sögð og Kalli látinn hanga uppi á vegg.
- Verkefni úr jákvæðum aga.
- Fjölbreytt hópa- og paraverkefni.
- Skipulagðar nemendaumræður á teymisfundum.

Miðstig

- Bekkjafundir.
- Nemendur búa til sameiginlegar samskiptareglur – sáttmála og slagorð.
- Dæmisagan um "Pappírs-Kalla" sögð og Kalli látinn hanga uppi á vegg.
- Vinaliðaverkefni, 7. bekkur með hlutverk í frímínútum t.d. að sjá um leiki.
- Verkefni úr jákvæðum aga.
- Fjölbreytt hópa- og paraverkefni.
- Skipulagðar nemendaumræður á teymisfundum.

Elsta stig

- Bekkjafundir.
- Verkefni úr jákvæðum aga.
- Fjölbreytt hópa- og paraverkefni.
- Skipulagðar nemendaumræður á teymisfundum.
- Nemendur þjálfaðir í samskiptafærni.



Foreldrar fá upplýsingar um stefnu skólans í eineltismálum og eineltisstefna skólans er aðgengileg á heimasíðu hans.

Nýir starfsmenn fá fræðslu um stefnu skólans varðandi aga- og eineltismál, kennarar fá þjálfun í notkun bekkjarfunda að hætti jákvæðs aga.

Skólinn beitir sér fyrir foreldrastarfi, þ.e. að foreldrar hvers bekkjar þekkist og kynnist í starfi með börnunum s.s. á bekkjarkvöldum. Foreldrafulltrúar sem eru tilnefndir bera ábyrgð á slíkum samkomum en stjórn Foreldrafélagsins fylgir því eftir að haldnar verði a.m.k. tvær bekkjarsamkomur á ári.

Starfsmenn þurfa að vera vakandi fyrir því að einelti getur komið upp og skulu vera tilbúnir til að bregðast strax við verði þeir vitni að slíku og koma upplýsingum á framfæri við viðkomandi umsjónarkennara. Allar vísbendingar skráðar á þar til gerð eyðublöð. Gott er að hafa í huga að skrá einnig jákvætt atferli eða aðstoð við þolanda.

Lagðar eru fyrir tengslakannanir og líðankannanir á hverri önn og oftár ef þurfa þykir.

Lögð er áhersla á að í kennslustundum eru nemendur á ábyrgð kennara þar til kennslustund lýkur, á þeim tíma eiga nemendur ekki að vera eftirlitslausir.

Tryggt er að gæsla sé fullnægjandi þar sem nemendur eru að leik og störfum.



Eineittishringurinn

Viðbragðsmynstur í eineltisaðstæðum

Gerandi

Á sjálfur frumkvæði að eineltinu og tekur þátt



Meðhljauðari / Samhljauðari

Er virkur þátttakandi en á ekki frumkvæði



Stuðningsaðili / Óvirkur gerandi

Styður eineltið en er ekki virkur þátttakandi



Óvirkur stuðningsaðili / Hugsanlegur gerandi

Er samþykktur eineltinu en styður það ekki sýnilega



Hlutlaus áhorfandi

Sér hvað gerist en skiptir sér ekki af



Þolandi



Varnari

Er á móti eineltinu og hjálpar eða reynir að hjálpa þolanda



Hugsanlegur varnari

Er á móti eineltinu og finnst hún/hann ætti að hjálpa – en gerir það ekki



Eineiti



Vinnuferli þegar upp kemur grunur um einelti

Starfsmaður skólans skráir tilkynninguna á þar til gert eyðublað og skilar henni til umsjónarkennara.

Viðkomandi starfsmaður beitir íhlutun / skerst í leikinn.

Umsjónarkennari notar gátlista
Við úrvinnslu vegna tilkynningar um grun um einelti

Gátlisti

- ✓ Ræðir við þolanda
- ✓ Ræðir við gerendur
- ✓ Leitar upplýsinga hjá starfsfólki
- ✓ Leitar upplýsinga hjá nemendum
- ✓ Ræðir við foreldra þolanda
- ✓ Ræðir við foreldra meints geranda
- ✓ Tengslakönnun lögð fyrir bekkinn
- ✓ Eineltiskönnun lögð fyrir bekkinn

Umsjónarkennari hefur samband
Við alla starfsmenn sem tengjast þolanda og geranda, þ.e. alla Kennara, stuðningsfulltrúa, skólaliða og starfsfólk í matsal, til þess að láta það vita og óskar eftir því að það fylgist með.

Ef um einelti er að ræða þá fer eftirfarandi ferli í gang.

Ef einelti hættir ekki þá er málinu vísað til nemendaverndarráðs

- ✓ Einstaklingsviðtöl við þolendur þar sem þeir fá stuðning og tryggt er að þeir láti vita ef eineltið heldur áfram.
- ✓ Alvarleg einstaklingsviðtöl við gerendur þar sem skilyrðislaust er farið fram á að þeir hætti eineltinu.
- ✓ Ráðstafanir skipulagðar með foreldrum þolanda og gerenda.
- ✓ Bekkjarfundir um einelti og samskipti.
- ✓ Eftirfylgni þar sem rætt er reglulega við þolendur, gerendur og foreldra.



Tilkynning um einelti:

Polandi: _____

Meintur gerandi/gerendur: _____

Meðhlaupari/ar: _____

Tilkynnandi:

Nemandi: _____

Starfsmaður skólans: _____

Aðstandandi: _____

Annar: _____

Tengsl tilkynnanda við þolanda: _____

Hverjir aðrir vita um málið? _____

Hvar á eineltið sér stað? _____

Hve lengi hefur eineltið staðið yfir? _____

Í hverju er eineltið fólgið? _____

Staðfesting þolanda/foreldra liggur fyrir _____

Dags: _____

Einelti er... endurtekið óþægilegt og meiðandi áreiti eins eða fleiri einstaklinga sem beinist gegn ákveðnum einstaklingi sem á erfitt með að verja sig. Áreitið gerist nokkrum sinnum í mánuði, nokkrum sinnum í viku eða oftar og einkennist af ójafnvægi í völdum eða kröftum.

Undirskrift þess er tilkynnir:

Skilist til umsjónarkennara þolanda. Málið verður síðan unnið samkvæmt eineltisferli skólans.

Gátlisti

dagsetning

Nafn/nöfn geranda/gerenda

Nafn/nöfn þolanda/þolenda

Hvað gert?

- barið/sparkað
- e-ð tekið og eyðilagt
- hótað/ógnað
- hrint
- kynferðislegt
- lokaður inni
- neyddur til að gera e-ð
- peningar teknir
- rifið í hár
- sms, tölvupóstur
- særandi orð
- uppnefndur
- útilokaður
- vegna húðlitar eða erl. uppruna

Hvar?

- á skólalóð
- á göngum
- í kennslustofu
- á salerni
- í leikfimisal
- í búningsklefa
- í matsal
- til/frá skóla
- í skólabíl
- annars staðar

Annað er málið varðar

Nafn þess er skýrsluna gerir